

UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNAEFELLSBÆJAR

**Umhverfis- og skipulagsnefnd - BN. 163BN. 163. fundur umhverfis- og
skipulagsnefndar
haldinn í Ráðhúsi Snæfellsbæjar, fimmtudaginn 29. september 2022
og hófst hann kl. 09:30.**

Fundinn sátu:

Illugi Jens Jónasson, Magnús Eiríksson, Kristjana Hermannsdóttir, Ragnar Már Ragnarsson, Hallveig Hörn Þorbjargardóttir, Hildigunnur Haraldsdóttir og Karitas Hrafns Elvarsdóttir.

Fundargerð ritaði: Karitas Hrafns Elvarsdóttir, Aðstoðarmaður byggingarfulltrúa.

Dagskrá:

1. Umsókn um byggingarlóð - 2209003

Jón Haukur Hilmarsson sendir inn umsókn um byggingarlóð einbýlishúss á einni hæð í Miðbrekku 3 Ólafsvík

Umhverfis og skipulagsnefnd samþykkir erindið. Sýnt verði fram á með teikningum að húsið falli að tveggja hæða húsum beggja vegna lóðarinnar.

Samþykkt

2. Dritvíkurvegur og Djúpalónssandur nýtt deiliskipulag - 2209001

Samkvæmt beiðni frá umhverfisstofnun er lögð fram lýsing annars vegar vegna breytinga á aðalsskipulagi og hins vegar vegna nýs deiliskipulags.

Umhverfis og skipulagsnefnd samþykkir að tæknideild beini málinu í kynningarferli.

Samþykkt

3. ASK_Breyting aðalskipulags í Krossavík - 2203012

Farið yfir viðbragð vegna athugasemda og umsagna.

Umhverfis og skipulagsnefnd fór yfir eldri tillögu að staðsetningu og tillögu að tilfærslu mannvirkja til að koma til móts við umsagnir og athugasemdir. Tillögur breytingar aðalskipulags og deiliskipulags verði unnar áfram. Farið var yfir rök varðandi náttúrufar vegna gróðurgreiningar og fuglatalninga/fuglalifs.

Samþykkt

4. Umsókn um byggingarleyfi - sólskáli - 2209002

Umsókn um byggingarleyfi fyrir sólskála á Munaðarhóli 12

Umhverfis og skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um uppfyllt skilyrði byggingareglugerðar og að málid fari í grenndarkynningu.

Samþykkt

UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNAEFELLSBÆJAR

5. Umsókn um byggingarleyfi - 2209005

Sótt er um leyfi fyrir viðbyggingu og breytingu á glugga.

Umhverfis og skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um grenndarkynningu.

Samþykkt

6. Gluggaskipti - 2209004

Fyrirspurn til byggingarfulltrúa varðandi gluggaskipti

Umhverfis og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

Samþykkt

7. Önnur mál - Umhverfis- og skipulagsnefnd 2022 - 2201001

- Gámasvæðið, lagðar fram tillögur að skipulagi gámasvæðis.

- Jón Jóel - Minnisvarði um Jules Verne á Arnarstapa

- Umferðaröryggi á Hellissandi - Bréf sem barst frá Kolbrúnu Ósk Pétursdóttur

Gámasvæðið - Málið rætt og því frestað. Málið tekið fyrir á næsta fundi.

Jón Jóel - Umhverfis og skipulagsnefnd tekur jákvætt í að skoða hugmyndina nánar varðandi staðsetningu, útlit og efnisval.

Umferðaröryggi á Hellissandi - Nefndin þakkar þarfar ábendingar og leytagt verður við að mála gangbrautir á haustmánuðum ef veður leyfir og unnið verður að lausnum varðandi þjóðveginn í samráði við vegagerðina.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:10.

*Fleiri þem jarð
Krisjan Hermanns.
Magni Þórh
ATR ATR*